

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar lóð úr landi Gerðakots, fyrir frístundahús og gróðurhús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 28. janúar 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir lóð úr landi Gerðakots og úr landi Bakka II, fyrir frístundahús og gróðurhús, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið nær til lands úr Gerðakoti fyrir frístundahúsaloð að flatarmáli 31.500 m² og úr Bakka II, 7.109 m². Landið er undir Hjallafjalli, skammt sunnan Riftúns, norðan Ölfusvegur nr. 38. Fyrir eru á landinu tvö frístundahús, samtals 147 m² með kvöð á um að þau verði í eigu sama aðila og einnig landið í heild. Heimilt er að byggja frístundahús, gestahús og geymsluhús sem og lítið gróðurhús. Svæðið er merkt í aðalskipulagi fyrir frístundabyggð. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar Bæjarhlíð, Hlíðartungu, land, landnúmer 186041.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 26. maí 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir Bæjarhlíð, Hlíðartungu, land, landnr. 186041, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillagan tekur til lands úr jörðinni Hlíðartungu, land sem nefnt er Bæjarhlíð, Ölfusi, sem liggur austan Hvammsvegur. Síndir eru 4 byggingarreitir. E1 fyrir íbúðarhús ásamt bílgeymslu. H1 byggingarreitur fyrir skemmu og hesthús. H2 fyrir reiðskemmu. F1 fyrir frístundahús. Aðkoma er frá Suðurlandsvegi nr. 1 um Hvammsveg.

Ein athugasemd barst, frá Lambhaga með ábendingum um að þar væri alifuglabú og fjarlægðir þar á milli minni en 500 metrar. Eigandi Lambhaga vill áréttta að með heimild fyrir deiliskipulagi að Bæjarhlíð, Hlíðartungu, landi, sé ekki verið að takmarka hans rétt.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, sem staðfest var 4. janúar 2005. Deiliskipulagið var samþykkt enda ekki verið að rýra rétt Lambhaga, eins og hann er í dag, eða þegar deiliskipulagið var auglýst, eða Bæjarhlíð, Hlíðartungu, land, nr. 186041.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar Hlíðartungu, landnúmer 171727.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. júní 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir Hlíðartungu, landnr. 171727, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillagan tekur til lands úr jörðinni Hlíðartungu, Ölfusi, sem liggur austan Hvammsvegur. Síndur er einn byggingarreitur fyrir íbúðarhús. Aðkoma er frá Suðurlandsvegi nr. 1 um Hvammsveg.

Ein athugasemd barst, frá Lambhaga með ábendingum um að þar væri alifuglabú og fjarlægðir þar á milli minni en 500 metrar. Eigandi Lambhaga vill áréttta að með heimild fyrir deiliskipulagi að Hlíðartungu sé ekki verið að takmarka hans rétt.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, sem staðfest var 4. janúar 2005. Deiliskipulagið var samþykkt enda ekki verið að rýra rétt Lambhaga, eins og hann er í dag, eða þegar deiliskipulagið var auglýst, eða Hlíðartungu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 29. desember 2010.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.